

## Kreppa og stríð 1930–1945

### Baráttuljóð í félagslegu raunsæi

Nemendur velja eitt ljóð og svara spurningum sem tilheyra því.

*Steinn Steinarr (1908–1958)*

#### Hin hljóðu tár

Ég hef hlustað svo oft á hin hljóðu tár,  
hin hljóðu tár sem í myrkrinu falla,  
svo *harmþrungin*, vonlaus og veik og þjáð,  
eins og veiks manns stuna sem heyrir varla.  
Gegnum árunna þyt, gegnum aldanna nið,  
frá upphafi heyrðist sá vonlausí rómur,  
eins og bölvunar orð yfir *breyskum ljóð*,  
eins og bannfæring guðs eða *skapadómur*.

Þau falla svo hægt, þessi hljóðu tár,  
þessi hljóðu tár út í myrkrinu svarta,  
samt tákna þau þjáning hins þrautþínda lýðs  
og þjáning og kvalir í mannlegu hjarta,  
samt boða þau hefnd fyrir bölg og skort,  
og bölvun og dauða yfir heimsbyggð alla.  
Og þau brenna af hatri, hin hljóðu tár,  
hin hljóðu tár sem í myrkrinu falla.

Þau streyma, þau streyma svo brennandi *beisk*,  
með brimsins gny gegnum rúm og tíma.  
Hvort kúgarinn lifir, eða kúgarinn deyr,  
hún kemur nú bráðum sú úrslitaglíma.  
Þau falla, þau falla, hin hljóðu tár,  
eins og fórnir til lífsins í myrkrinu svarta.  
Og þau boða hefnd fyrir bölvun og kvöl,  
sem var brennd, sem var brennd inn í mannlegt hjarta.  
(Rauður loginn brann, 1934)

### Verkefni fyrir ljóð Steins Steinarrs:

1. Skoðaðu form ljóðsins, settu fram fullyrðingu um formið og rökstyddu hana.
2. Skoðaðu vel myndmál ljóðsins. Ljóðið fjallar um þá sem eiga bág og þræla. Hvers konar myndmál notar höfundur – viðlíkingar? Myndhverfingar? Persónugervingar? Hlutgervingar?
3. Finndu skýringar á eftirtöldum orðum (*orðin eru skáletruð í ljóðinu*):
  - a. breyskur, b. lýður, c. beiskur, d. skapadómur, e. harmþrunginn.
4. Ljóðið er baráttuljóð sem þýðir að það er ort til að hvetja menn til dáða, hvetja menn til að taka þátt í baráttunni.
  - a. Skáldið notar tákni, tár. Fyrir hvað standa tárin í ljóðinu?
  - b. Hver er þessi úrslitaglíma sem kemur bráðum samkvæmt ljóðinu?
  - c. *Auðvaldið er oft táknað með harðstjóra eða kúgara og almúginn með orðunum þrælar, öreigar, smælingjar eða þeir sem bera okið.* Hvaða orð eru notuð í þessu ljóði til að tákna þessar andstæður?
5. Dragðu saman í 1/3 til 1/2 síðu fróðleik um innihald ljóðsins, sem sagt svaraðu spurningunni: Um hvað er skáldið að yrkja? Taktu hvert erindi fyrir sig.

*Jóhannes úr Kötlum (1899–1972)*

### **Morgunsöngur**

Nú blakta rauðir fánar í mjúkum morgunblænum  
og menn af svefni rísa

og horfa í austurveg.

Það bjarmar yfir tindum, það sindrar yfir sænum,

– nú syngjum við um lífið

og frelsið – þú og ég.

Við fögnum himni bláum, við fögnum skógi grænum,

því fagurt er nú loftið

og jörðin yndisleg.

Og vorið kallar, – kallar til starfs og stórra ráða,

og straumur ljóssins þýtur

um taugar öreigans,

um taugar þínar, mínar, og blessar okkur báða,

– svo brjótum við þá okið

með sigurkrafti hans.

Já, fram, já, fram, uns bróðir með bróður rís til dáða

og bylting dagsins logar

í augum sérhvers manns.

(Samt mun ég vaka, 1935)

### **Verkefni fyrir ljóð Jóhannesar úr Kötlum:**

1. Að hvaða leyti er þetta ljóð frábrugðið hinum tveimur þegar horft er til efnis?
2. Hvað er hægt að segja um form ljóðsins?
3. Skoðaðu notkun á sagnorðum. Tíndu út 3–4 sagnorð og veltu fyrir þér áhrifum af þeim. Skoðaðu líka litarorðin. Hvaða litir eru áberandi?
4. Hvert er megininntak þessa ljóðs Jóhannesar? Skoðaðu vel fyrirsögn verkefnisins með tilliti til þessarar spurningar.
5. Hvað merkja eftirfarandi orð í þessu ljóði: austurvegur, öreigi, ok, sigurkraftur?
6. Dragðu saman í 1/3 til 1/2 síðu fróðleik um innihald ljóðsins, sem sagt svaraðu spurningunni: Um hvað er skáldið að yrkja? Taktu hvert erindi fyrir sig.

*Sigurður Einarsson í Holti (1898–1967)*

### **Dagurinn kemur!**

Dagurinn kemur! Þið heyrið herbresti nú  
af hugsunum þeirra sem boða tíðindin góðu.  
Og líttu upp, vinur. Finn hinn *svarrandi súg*,  
hann sviftir af augunum ryki og gamalli móðu.  
Og láttu ekki skelfast, – um skuggadali vors lands  
fer skúraveður, en þú hefur séð það áður.  
Það braust um eldur í orði hvers frjálsborins manns,  
sem ok sitt hristi, þótt hann væri snauður og hrjáður.

Og réttu bakið! Um ríki veraldar öll  
hin ráfandi hjörð er orðin að sjáandi mönnum.  
Og sjá hinn mikla flokk, sem gnæfandi fjöll,  
hann flykkist um strætin í breiðum, skínandi *hrönnum*.  
Á daginn týndur í verksmiðjum heldur hann vörð,  
hann veltist og skríður sem ormur í námanna göngum.  
Á kveldin frjáls og hann finnur hann á þessa jörð,  
hvert fley, sem líður, hvert brauðax á kornsins stöngum.

Og sjá! Hann vex þessi lifandi, máttugi múr  
af mönnum, konum, snauðum en stoltum og frjálsum.  
Þeir byggja hann hvern dag í Boston, Finnlandi og Ruhr,  
er blóðöx harðstjórans ríður að *smælingja* hálsnum.  
Þeir bera sem aðalsmark bölg sitt og aldalangt tjón,  
þeir bíta á jaxlinn, sem verstir eru til reika.  
Þeir veina af kvöl, en hvert kvein ber skjálfandi tón  
í kórið mikla, er siguróðinn skal leika.

Og undragleði fer eldi um mannanna sál,  
í aumingjans hreysi tendra vonirnar loga.  
Í þrælsins nöldur og öreigans magnlausu mál  
færist máttur og ægikyngi af nýjum toga.  
Það er eins og lýsi af elding öldunga sjón  
og *örvona* þúsundir mitt í dauðanum segi:  
Nú lætur þú fara í friði hinn *lúna* þjón,  
nú finn ég hjálpræðið nálgast með hverjum degi.  
(Hamar og sigð, 1930)

### Verkefni fyrir ljóð Sigurðar:

1. Skoðaðu form ljóðsins, settu fram fullyrðingu um formið og rökstyddu hana.
2. Skoðaðu vel myndmál ljóðsins. Ljóðið fjallar um þá sem eiga bág og þræla. Hvaða orð notar höfundur yfir þá sem minna mega sín í ljóðinu?
3. Finndu skýringar á eftirtöldum orðum (orðin eru skáletruð í ljóðinu):
  - a. svarrandi, b. súgur, c. örvona, d. lúinn, e. smælingi, f. hrannir.
4. Ljóðið er baráttuljóð sem þýðir að það er ort til að hvetja menn til dáða, hvetja menn til að taka þátt í baráttunni.
  - a. Hvaða dagur er alveg að koma í ljóðinu?
  - b. Gegn hverju eiga menn að berjast?
  - c. *Auðvaldið er oft táknað með harðstjóra eða kúgara og almúginn með orðunum þrælar, öreigar, smælingjar eða þeir sem bera okið.* Hvaða orð eru notuð í þessu ljóði til að tákna þessar andstæður?
5. Dragðu saman í  $\frac{1}{3}$  til  $\frac{1}{2}$  síðu fróðleik um innihald ljóðsins, sem sagt svaraðu spurningunni: Um hvað er skáldið að yrkja? Taktu hvert erindi fyrir sig.